

Mætt: Gunnar Jónsson, Anna Jóna Árnarsdóttir og Gunnþórunn Ingólfssdóttir. Einnig Hörður Guðmundsson húsvörður og Helgi Gíslason sveitarstjóri.

1. Viðarkyndistöð við Végarð.

Helgi kynnti hvar þau mál eru stödd. Fljótsdalshreppur sótti um styrk í Orkusjóð til verkefnisins og fékkst styrkur að upphæð um 3, 8 millj. kr, sem átti að duga fyrir kyndistöðinni. Vegna gengisbreytinga að undanfögnu er hækkun á kaupum á kyndistöðinni um 1 millj, sem sveitarstjórn hefur samþykkt að Fljótsdalshreppur greiði. Skv. upplýsingum frá Magnúsi Þorsteinssyni kemur kyndistöðin til landsins sept/okt. Skv. áætlun sem byggingarfulltrúi gerði fyrir sveitarstjóra um kostnað við að koma kyndistöðinni fyrir og tengja, má ætla að sá kostnaður verði allt að 5 millj. Líklegt er að virðisaukaskattur fáiist endurgreiddur af vinnuþáttum. Tillaga er um að stöðin verði sett niður við trjábelti við brekkurætur (ofan rústa Gunnhildargerðis).

2. Viðhaldsframkvæmdir

Framkvæmdum í kjallara er lokið. Gólf var lagt Epoxy og veggir og loft málað. Utanhússklæðning á eldri hluta hússins er langt komin. Við þær framkvæmdir kom í ljós að endurnýja þurfti dren við húsið ofanvert, frágangur á dreni þegar það var lagt, var ekki í lagi. Þá hefur verið ákveðið að skoða aðrar drenlagnir við húsið. Þegar húsnefnd fjallaði um klæðningu var gengið út frá því að einangrun yrði 2", því var svo breytt í 3", en þá var búið að kaupa 2" einangrun og tilheyrandi klæðningarvinkla og flytja upp í Fljótsdal. Hörður lýsir sig reiðubúinn að kaupa á kostnaðarverði 2" einangrunina og vinklana.

Rafhleðslustöð við Végarð. Sveitarstjóri mun setja sig inn í það mál

Kostnaður við viðhald og fjárfestingu virðist enn sem komið er innan heimilda í fjárhagsáætlun, utan kyndistöðvar sem ekki var áætlað fyrir.

3. Viðburðir í Végarði 2020.

Flestir viðburðir sem fyrirhugaðir voru s.s ættarmót og giftingarveisla var aflýst vegna covid áhrifa. Síðsumars og í haust verða tvær fermingarveislur þe 9/8 og 20/9. Einn viðburður til viðbótar hefur verið bókaður 4. -5/9 og annar 8/10.

Bókanir 2021:

Ættarmót 8. – 11/7

Ættarmót 16. – 18/7

Giftingarveisla 23. 25/7

4. Önnur mál

Gunnþórunn sagði að nýr sveitarstjóri sæti fund húsnefndar til að kynna sér þau málefni sem húsnefndin fjallar um og þakkaði Helgi fyrir það tækifæri.

Ann Marie var með leyfi til að nota vottaða veitingaaðstöðu í Végarð til 1. apríl sl.. Ekki hefur borist beiðni um framlengdan tíma.

Anna Jóna spurðist fyrir um hvar ræstingavagn sem kvenfélagið keypti á sínum tíma í húsið væri og vildi ekki að honum yrði hent, þótt skúringarvél væri komin í húsið.

Minnst var á að kominn væri tími á að mála þá hluta innanhúss, sem ekki hafa verið málaðir frá því húsið var endurbyggt.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18:00.

Gunnþórunn ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Gunnar Jónsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Hörður Guðmundsson (sign)

Helgi Gíslason (sign)